

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 15 20. júní 1923, til 53
þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga 6. marz
að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 6. marz 1947.

Stefán Jóh. Stefánsson.

Jónas Guðmundsson.

SAMÞYKKT

54

11. marz

um lokun sölubúða á Akranesi.

1. gr.

Öllum sölubúðum kaupmanna, kaupfélaga og heildsala skal lokað eftir því, sem segir í 2., 3. og 4. gr. samþykktar þessarar. Lyfjabúðir, sem verzla með varning sem verzlunarleyfi þarf til, mega ekki selja slíkan varning eftir lokunartíma sölubúða.

2. gr.

Sölubúðir skulu vera lokaðar virka daga frá kl. 6 síðdegis til kl. 9 árdegis. Á laugardögum skal sölubúðum lokað frá kl. 4 síðdegis.

Aðfangadag jóla og gamlársgang skal sölubúðum eigi lokað síðar en kl. 3 síðd. Síðasta virkan dag fyrir aðfangadag jóla skal heimilt að hafa sölubúðir opnar til miðnættis.

3. gr.

Sölubúðir skulu lokaðar almenna helgidaga, sunnudaga, sumardaginn fyrsta, 1. maí, 17. júní og 1. desember.

4. gr.

Á lokunartíma sölubúða samkvæmt framansögðu er óheimilt að selja á strætum eða torgum nokkurn þann varning, sem ekki má selja nema samkvæmt verzlunarleyfi. Heimilt er þó að selja nauðsynjar til skipa á lokunartíma, en þó aðeins fyrir lokuðum dyrum.

5. gr.

Menn, sem komnir eru inn í verzlun fyrir lokunartíma, er heimilt að afgreiða eftir að lokað er, þó ekki lengur en hálf tíma.

6. gr.

Bæjarstjórn getur leyft undanþágur frá ákvæðum í 1.—4. gr., ef sérstakar ástæður mæla með því.

Samþykkt þessi, sem gerð er af bæjarstjórn Akraness, samkvæmt lögum nr. 17 1. febrúar 1936, staðfestist hér með til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 11. marz 1947.

Stefán Jóh. Stefánsson.

Jónas Guðmundsson.